

Hættan gerir ekki boð á undan sér – Um öryggi og viðbúnað í íslenskum grunnskólum

Svava Magdalena Hönnudóttir



Nýlegt rútuslys á Íslandi þar sem grunnskólabörn voru að leið í skólasund vakti spurningar um viðbúnað skóla þegar slys verða á skólatíma. Eftir áreksturinn voru börnin send fótgangandi í sund án þess að gengið væri úr skugga um meiðsli en síðar um daginn kom í ljós að nokkrir nemendur höfðu slasast og þörfnuðust aðhlynningar. Foreldrar gagnrýndu viðbrögð og upplýsingargjöfina og kölluðu eftir skýrari ábyrgð og verkferlum þegar slys eða áföll verða (Silja Rún Sigurðardóttir, 2026). Atvikið má skoða sem dæmi um að öryggi í skólum mætti fela í sér víðtækari sýn en eingöngu að skapa öruggt námsumhverfi enda skipta skýr viðbrögð og verkferlar sköpum þegar á reynir.

Öryggi nemenda í íslenskum grunnskólum var viðfangsefni í lokaverkefni mínu til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Í rannsókninni voru greind opinber skjöl sem móta starf grunnskóla, það er að segja lög, reglugerðir og leiðbeinandi gögn um öryggi og viðbúnað. Leitast var við að svara því hvernig öryggi og viðbúnaður birtist í þessum skjölum og hvort sú mynd sem þar er dregin upp bendi til þess að nemendur njóti sambærilegs öryggis óháð skóla.

Við greininguna var stuðst við orðræðugreiningu og WPR-nálgun (What's the Problem Represented to Be?) sem þróuð hefur verið af Carol Bacchi (2025). Sú nálgun felur í sér að greina hvernig þær lausnir sem lögð er áhersla á í opinberri stefnumótun varpa ljósi á hvers

konar og hvaða vandamál eru talin aðkallandi á hverjum tíma. Þannig var hægt að greina hvers konar merkingu öryggi hefur í skólaumhverfinu með því að greina þær lausnir og áherslur sem dregnar eru fram í opinberum skjölum. Einnig var litið til þess hvaða öryggisþættir fá litla eða enga umfjöllun, þar sem þagnir í skjölunum geta sagt til um hvaða hættur eða ógnir við öryggi nemenda eru ekki taldar jafn brýnar. Í greiningunni var því lögð áhersla á að skoða ríkjandi orðræðu og skilning á öryggi nemenda í grunnskólum, þar er að segja hvaða hættur og ógnir eru taldar krefjast viðbragða og hvernig slík framsetning getur haft áhrif á forgangsriðun öryggismála í grunnskólum.

Ólíkar áherslur í öryggismálum

Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að ólíkir þættir öryggis njóti ekki sömu stöðu innan þess regluverks sem mótar grunnskólastarf. Lög og reglugerðir leggja að mestu áherslu á félagslegt og andlegt öryggi nemenda svo sem vellíðan, jákvæðan skólabrag, góð samskipti og forvarnir gegn einelti. Lögin leggja til dæmis skýrar skyldur á skóla þegar kemur að forvörnum og viðbrögðum gegn einelti, en sambærilegar kröfur um viðbragðsáætlanir eða skipulagðan viðbúnað vegna slysa eða annarra atvika sem geta ógnað líkamlegu öryggi er ekki að finna í þeim lögum sem greind voru. Umfjöllun um slíkan viðbúnað er einna helst að finna í leiðbeinandi skjölum.

Sambærilegar niðurstöður hafa komið fram í fyrri rannsóknum sem gerðar voru í íslenskum skólum um áfallaáætlanir. Gunnar Finnbogason og Hildur Gunnarsdóttir (2010) bentu á að ekki væru allir grunnskólar landsins með áfallaáætlun og þar sem áfallaáætlanir var að finna voru þær mis ýtarlegar eða lögðu áherslu á ólíka þætti. Rannsókn Jónínu Ásgeirsdóttur (2013) leiddi í ljós svipaðan vanda á leikskólum í Reykjavík, þar sem 67% borgarrekinnar leikskóla höfðu áfallaáætlun og 40% einkarekinna leikskóla. Í meirihluta áfallaáætlanna var viðbúnaður vegna slysa eða veikinda skilgreindur en tilmæli um viðbrögð við ofbeldi aðeins að finna í þriðjungi áætlana í borgareknum leikskólum. Þegar skýrar kröfur um viðbragðsáætlanir vegna öryggis skortir getur viðbúnaður ráðist af áherslum og framkvæmd hvers skóla (Tipler o.fl., 2017). Það getur leitt til misræmis milli skóla og slíkt einnig vakið spurningar um jafnræði nemenda til öruggs skólastarfs.

Eitt þeirra skjala sem voru greind er *Viðbragðsleiðbeiningar fyrir skólastofnanir* (2021). Markmið þeirra er að styðja skóla við undirbúning og viðbrögð ef hættuástand skapast. Þar er meðal annars fjallað um neyðarstjórn og ábyrgðarhlutverk, en einnig hvernig framkvæma má æfingar. Við greininguna kom hins vegar í ljós að í skjalinu er vísað til skólameistara sem ábyrgðaraðila í ákveðnum aðstæðum. Þar sem slíkt starfsheiti tilheyrir framhaldsskólum en ekki grunnskólum vekur það spurningar um að hve miklu leyti þær leiðbeiningar eru sniðnar að grunnskólastiginu.

Viðbúnaður fyrir allt skólasamfélagið

Í fræðilegri umfjöllun um öryggi nemenda í daglegu skólastarfi er talið mikilvægt að líta á félagslegt, andlegt og líkamlegt öryggi sem eina heild. Þessir þættir eiga að styðja hver annað og mynda saman heilstæða vernd sem nemendur eiga að njóta í skólanum, enda eyða þeir þar stórum hluta dagsins (Alba og Gable, 2012; Bradshaw o.fl., 2021). Skólaöryggi felur jafnframt í sér að skólasamfélagið sé viðbúið og hafi burði til þess að bregðast við hættum sem geta skapast (GADRRRES, 2022).

Misræmi í áherslum getur haft áhrif á hvernig öryggismál eru sett í framkvæmd. Þegar leiðbeiningar um viðbúnað sem snýr að öryggi nemenda eru ekki bundnar skýrum kröfum getur verið misvel staðið að því hvernig þær eru innleiddar og hversu reglulega þær eru endurskoðaðar og æfðar. Slíkt þarf ekki endilega að þýða að öryggismálum sé misvel sinnt eftir skólum en býður upp á að viðbúnaður byggist að hluta til á fyrri reynslu einstakra skóla og sveitarfélaga. Þegar öryggismál eru háð hverjum skóla fyrir sig má ætla að nemendur njóti ekki endilega sambærilegs öryggis og þar af leiðandi ekki jafnræðis til öruggs skólastarfs.

Rannsóknir á þessu sviði hafa bent á að í viðbragðsáætlunum fyrir skólastofnanir gleymist oft að taka tillit til þeirra nemenda sem þurfa stuðning í daglegu skólastarfi (Boon, 2012; Chung o.fl., 2009). Þegar ekki er horft til þess fjölbreytta hóps nemenda sem tilheyrir skólasamfélaginu getur reynst erfiðara að tryggja skilvirk viðbrögð þegar ófyrirsjáanleg atvik eiga sér stað og þar með geta afleiðingarnar orðið alvarlegri. Þar sem íslenskir grunnskólar starfa samkvæmt lögum um skóla án aðgreiningar (nr. 91/2008) má ætla að mikilvægt sé að viðbragðsáætlanir séu unnar með þarfir ólíkra nemendahópa í huga og endurspegli þann fjölbreytileika sem er til staðar í íslensku skólasamfélagi.

Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að skýrar og samþættar viðbragðsáætlanir, ásamt reglulegri þjálfun starfsfólks og nemenda, skipta höfuðmáli þegar hætta skapast (Schildkraut o.fl., 2023; Tipler o.fl., 2017). Viðbragðsáætlanir einar og sér duga skammt: Þær þurfa að vera virkar, reglulega endurskoðaðar og æfðar. Jafnframt benda rannsóknir til þess að skýr ábyrgðarhlutverk, markviss eftirfylgni og samrýmt regluverk stuðli að skilvirkari framkvæmd öryggismála í skólum (Alba og Gable, 2012; Vallinkoski og Koirikivi, 2020).

Nemendur eiga að geta treyst því að öryggi þeirra sé alltaf haft að leiðarljósi. Færa má rök fyrir því að félagslegt, andlegt og líkamlegt öryggi nemenda þurfi að vera heildstætt í íslensku skólastarfi. Í ljósi þess má velta því fyrir sér hvernig best sé að tryggja að viðbúnaður, leiðbeiningar og daglegt skólastarf styðji hvert annað þannig að allir nemendur njóti sambærilegs öryggis óháð skóla eða sveitarfélagi. Hættur gera ekki boð á undan sér.

Heildstæð sýn á öryggi og viðbúnað er því mikilvæg forsenda þess að tryggja jafnan rétt nemenda til öruggs skólaumhverfis.

ÚTGÁFA 2.0
8.11.2022

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

Viðbrögð við ógnunum, náttúruvá,
smitsjúkdómum, efnaslysum o.fl.



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi
FVA

Dæmi um viðbragðsáætlun (smellið á myndina)

Heimildir

Alba, D. J. og Gable, R. K. (2012). School safety planning: Barriers to implementation perceived by district leadership and first responders. K - 12 Education. 17. *Northeastern Educational Research Association*. https://scholarsarchive.jwu.edu/k12_ed/17

Bacchi, C. (2025). *What's the problem represented to be? A new thinking paradigm*. Routledge. <https://doi.org/10.4324/9781032678382>

Boon, H. J., Pagliano, P., Brown, L. og Tsey, K. (2012). An assessment of policies guiding school emergency disaster management for students with disabilities in Australia. *Journal of Policy and Practice in Intellectual Disabilities*, 9(1), 17 - 26.
<https://doi.org/10.1111/j.1741-1130.2012.00331.x>

Bradshaw, C. P., Cohen, J., Espelage, D. L. og Nation, M. (2021). Addressing school safety through comprehensive school climate approaches. *School Psychology Review*, 50(2-3), 221-236. <https://doi.org/10.1080/2372966X.2021.1926321>

Chung, S., Danielson, J. og Shannon, M. (2009). *School-based emergency preparedness: A national analysis and recommended protocol*. AHRQ Publication Nr. 09-0013. Agency for Healthcare Research and Quality.

Global Alliance for Disaster Risk Reduction and Resilience in the Education Sector. (2022). *Comprehensive school safety framework 2022-2030; For child rights and resilience in the education sector*. <https://gadrrres.net/comprehensive-school-safety-framework>

Gunnar E. Finnbogason og Hildur Björg Gunnarsdóttir. (2010). Tilvist og uppbygging áfallaáætlaða í grunnskóla. *Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika 2010*.
<https://skemman.is/bitstream/1946/7828/1/0122.pdf>

Jónína Dagmar Ásgeirsdóttir (2013). Áfallaáætlanir og áfallateymi í leikskólum í Reykjavík - Tilvist og hlutverk. B.Ed ritgerð við Kennaradeild, Menntavísindasvið. *Háskóla Íslands*.
<https://skemman.is/bitstream/1946/15882/1/B%20Ed-ritger%C3%B0%20J%20%C3%B3n%20Dagmarar%20%286%20ma%20ad%202013%29.pdf>

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2021). *Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum*. <https://mms.is/handbaekur-um-oryggi-og-velferd-barna-i-leik-og-grunnskolum>

Mæður barna sem lentu í rútuslysi ósáttar við viðbrögðin. (2026, 30. mars). *Vísir*.
<https://www.visir.is/k/d68bee34-6193-4a41-8f8b-9e9c55bbb5cb-1774897283237/maedur-bar-na-sem-lentu-i-rutuslysi-osattar-vid-vidbrogdin>

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011

Ríkislögreglustjóri og mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2021). Viðbragðsleiðbeiningar fyrir skólastofnanir. Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum.

<https://mms.is/handbaekur-um-oryggi-og-velferd-barna-i-leik-og-grunnskolum>

Silja Rún Sigurðardóttir. (2026, 29. mars). Ósatt með ábyrgðarleysi eftir að börn lentu í bílslysi á skólatíma. *Vísir*.

<https://www.visir.is/g/20262861945d/o-satt-med-a-byrgdar-leysi-eftir-ad-born-lentu-i-bil-slysi-a-skola-tima>

Schildkraut, J., Greene-Colozzi, E., Nickerson, A. B. og Florczykowski, A. (2023). Can school lockdowns save lives? An assessment of drills and use in real-world events. *Journal of School Violence*, 22(2), 167–182. <https://doi.org/10.1080/15388220.2022.2162533>

Tipler, K., Tarrant, R., Johnston, D. og Tuffin, K. (2017). Are you ready? Emergency preparedness in New Zealand schools. *International Journal of Disaster Risk Reduction*, 25. <https://doi.org/10.1016/j.ijdr.2017.09.035>

Vallinkoski, K. K. og Koirikivi, P.-M. (2020). Enhancing Finnish basic education schools' safety culture through comprehensive safety and security management. *Nordic Journal of Studies in Educational Policy*, 6(2), 103–115. <https://doi.org/10.1080/20020317.2020.1720069>

Um höfund

Svava Magdalena Hönnudóttir lauk B.A.-prófi í uppeldis og menntunarfræðum við Háskóla Íslands árið 2026. Síðasta áratug hefur hún starfað í leik- og grunnskóla bæði á Íslandi og í Svíþjóð. Hún er einnig sjúkraliði að mennt og hefur verið meðlimur hjörgunarsveita. Svava hóf nýlega störf sem sérkennari í snemmtækri íhlutun við leikskólann Múlaborg í Reykjavík.

SKÓLAÞRÆÐIR
TÍMARIT SAMTARA ÁHRAGÓLARS OG SKÓLAÞRÆÐA

Grein birt 10. september 2026